

Reglugjörð þessi gengur í gildi 1. janúar 1904.

Þetta auglýsist almenningi til eptirbreytni.

Reykjavík, 28. desbr. 1903.  
Landshöfðinginn yfir Íslandi.

**Magnús Stephensen.**

*Jón Magnússon.*

**Fyrirmynd.**

**S k ý r s l a**

um fjárbaðanir í ..... hreppi í ..... sýslu  
á tímabilinu frá ..... mán. til ..... mán. 190

Tala	Hemili	Tala fjár, sem baðað er einu sinni	Mánaðardagur, þegar bœðin fer fram í fyrsta skipti	Tala fjár, sem baðað er í annað sinn	Mánaðardagur, þegar önnur bœðin fer fram	Tala fjárhúsa, sem hreinsuð eru	Töbak, sem notað er við hverja bœðun, pund	Hversu margna daga fjð var haft inni eptir bœðunina	Hvernig reakti húsbóndinn skyldur smár?	Athugasemdir:
1.	Grund	60	1. nóv.	...	...	3	18	8	ágætl.	1) Mennt höfðu eigi tekið eptir útbrotunum, fyrri en baðað var. 2) Húsbóndinn kærður fyrir að synja um hjálp við bœðunina.
2.	Eyri	100	2. nóv.	...	...	4	30	8	ágætl.	
3.	Hamar <sup>1</sup>	20	3. nóv.	...	...	2	8	8	ágætl.	
4.	Grímsstaðir	300	3. 5. 7. nov.	12	7. nóv.	6	90	8	ágætl.	
5.	Granastaðir	50	8. nóv.	...	...	2	15	8	illa <sup>2</sup>	

**Samþykkt**

um breyting á 4. gr. í endurskodaðri samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 1. ágúst 1902.

Í stað 1. málsg. í 4. gr. komi:

127  
28. desbr.

»Í fátækranefudinni eiga sæti 5 bæjarfulltrúar, og kýs hún sjálf formann sinn«.

Í bæjarstjórn Reykjavíkur 17. desbr. 1903.

Halldór Daníelsson, Halldór Jónsson, Kristján Jónsson, Kristján Þorgrímsson, Síghvatur Bjarnason, Hannes Hafliðason, Magnús Einarsson, Sig. Thoroddsen, Ólafur Ólafsson, G. Björnsson, Tr. Gunnarsson, Þórh. Bjarnarson, Jón Magnússon.

\*

\*

\*

Samkvæmt tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 20. apríl 127 1872, 31. gr., staðfestist hjer með framanskrifuð samþykkt um breyting á 4. gr. 28. desbr. í endurskodaðri samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 1. ágúst 1902.

Reykjavík, 28. desbr. 1903.  
Landshöfðinginn yfir Íslandi  
**Magnús Stephensen.**

*Jón Magnússon.*

## Reglugjörð

um próf iðnaðarnemanda og umsjón með því.

128

Samkvæmt 10. gr. í lögum nr. 15, 16. septbr. 1893, um iðnaðarnám, eru 28. desbr. settar eftirfarandi reglur um próf iðnaðarnemanda og umsjón með því.

I. kafli. Viðfangsefni prófanna.

1. gr.

Prófin eru ýmist haldin í dráttlist og verklagni, ýmist í verklagni einni saman.

2. gr.

Þeir iðnaðarmenn, sem hjer verða nefndir, eiga að sýna kunnáttupróf bæði í dráttlist og verklagni, og er viðfangsefni þess þannig ákveðið: **a)** þjátr-arar: fyrst skulu þeir gera dráttmynd, er gild sje tekin, af tesuðuvjel, kaffi-könnu eða blómkeri, og smíða svo hlutinn eptir henni; **b)** buðkarar: að gera dráttmynd af keru eða tunnu með tiltekinni lögun og rúmfangi, og reikna ílátíð út, og smíða svo eptir myndinni ölker eða annað ílát, sem almennt er tíðkað; **c)** rennismiðir: Þeir skulu renna og gljáfægja holt skrautker eða handriðsspela (balustre) úr trje, eða smærri smíðisgrip úr beini, horni eða málm, þann er prófnefndinni þykir nægilegur, samkvæmt dráttmynd af hlutnum, er þeir hafa sjálfir gert og gild hefur verið tekin; **d)** drifsmiðir (gjörtlarar): eptir dráttmynd, sem þeir gjöra sjálfir og gild er tekin, eiga þeir að móta, steypa og fullgera ljósastiku eða vatnskрана, beizlisstengur eða svipuskapt; **e)** gullsmiðir: eptir dráttmynd, sem þeir gera sjálfir og gild er tekin, eiga þeir að smíða brjóstnál eða armband úr gulli, eða sykurskál, súpuausu, kökuskeið eða fiskskeið, belti eða koffur úr silfri; **f)** hjólsmiðir eða vagnsmiðir: eptir dráttmynd, sem þeir gera og gild er tekin, að smíða fremri hjólás eða hjól í stórvagn fjórhjólaðan, lokaðan (karet) eða því um líkan vagn annan; **g)** lásasmíðir: eptir dráttmynd, er þeir hafa gert og gild er tekin, að smíða alfóðraða skrá með lykli, eða skruf-heldu [»skrufstykki), 32 punda eða þaryfir; **h)** eirsmiðir: Eptir dráttmynd, er þeir gera og gild er tekin, að smíða rauðan eða gljáfægðan teketil eða kaffi-